

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/217

2018/EES/33/49

frá 31. janúar 2018

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum til að laga I.1. þátt I. viðauka hennar að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum (¹), einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í þætti I.1 í I. viðauka við tilskipun 2008/68/EB er vísað til ákvæða, sem sett eru fram í alþjóðasamningi um flutninga á hættulegum farmi á vegum, eins og skilgreint er í 2. gr. þeirrar tilskipunar.
- 2) Uppfæra á ákvæði þessa alþjóðasamnings með reglubundnum hætti í samræmi við 14. gr. Evrópusamningsins um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR-samningurinn). Síðasta breytta útgáfan af alþjóðasamningnum á að gilda frá og með 3. janúar 2018.
- 3) Því ætti að breyta þætti I.1 í I. viðauka við tilskipun 2008/68/EB til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutning á hættulegum farmi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað þátta I.1 í I. viðauka við tilskipun 2008/68/EB komi eftirfarandi:

„I.1.ADR-samningurinn

Viðaukar A og B við ADR-samninginn, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 3. janúar 2018, þar sem gengið er út frá því að orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“, eftir því sem við á.“

2. gr.

1. Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 3. júlí 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 42, 15.2.2018, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjttíð. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 31. janúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
